

Ed.

526. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h. f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Meginefni þess er sú breyting á formi Verzlunarsparisjóðsins, að hann verði gerður að banka í hlutafélagsformi. Nefndin telur þessa breytingu ekki óeðlilega með tilliti til þeirrar starfsemi, er Verzlunarsparisjóðurinn nú hefur með höndum, og er því sammála um það að mæla með samþykkt þess. Meðmæli n. með frv. byggjast þó á sömu forsendum og þeim, er nefndarálit fjhn. Nd. er byggt á, og þeim upplýsingum, er þar getur um, að fram hafi komið við meðferð málsins.

Alþingi, 25. maí 1960.

Ólafur Björnsson, Jón Þorsteinsson, Magnús Jónsson.
form., frsm. fundaskr.

Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.